

yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Franz Siemensens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 20/1885.

Ólafur Þórðarson  
gegn  
Thor Jensen.

### D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur 18. desbr. f. á., er Ólafur Þórðarson, verzlunarþjónn hjer í bænum, dæmdur eptir 202. gr. hegningarlaganna fyrir líkamlegt ofbeldi til að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 3 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er goldin í ákveðinn tíma, sem og að greiða 12 kr. í málskostnað til sóknaraðila, Thor Jensens verzlunarmanns á Skipaskaga.

Þessum dómi hefur Ólafur Þórðarson áfrýjað til yfirdómsins og krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærum og kröfum Thor Jensens í máli þessu, og að Thor Jensen verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum skaðlaust, eða eptir mati yfirdómsins; en hinn stefndi, Thor Jensen, hefur krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi hefur á bæjarþingi Reykjavíkur undir máli þessu leitt tvö vitni, sem hafa borið, að máls-partarnir hafi verið staddir á veitingahúsi hjer í

bænum að kvöldi hins 18. septbr. f. á., og áfrýjandinn þá rokið að hinum stefnda, tekið um hönd honum og snúið hana, síðan þrifið í brjóst honum og hrundið honum eða slengt honum á undan sjer yfir þvert gólfíð að öðrum vegg og þjappað að honum og loks hrundið honum út um dyrnar á herberginu. Þenna framburð tveggja vitna hefur áfrýjandinn tekið eins gildan eins og hann væri eiðfestur, og verður því að taka hann til greina sem lögfulla sönnun gegn áfrýjandanum. Að vísu hefur áfrýjandinn leitt 3 vitni í málinu, sem hafa borið, að þau ekki hafi sjeð áfrýjandann gjöra hinum stefnda neinn óskunda við áminnst tækifæri, nema hvað tveir þeirra sáu áfrýjandann halda annari hendi í frakkabarm hins stefnda, en þar sem þessi vitni ekki jafnframt hafa vottað, að þau hafi verið sjónarvottar að allri viðureign málspartanna eða verið inni í veitingahúsinu alla þá stund, sem málspartarnir voru þar, þá getur framburður þessara þriggja vitna ekki hnekkt eða hrakið framburð þeirra tveggja vitna, sem fyrst voru nefnd. Yfirdómurinn verður þannig að vera á sama máli og undirdómarinn um, að það sje löglega sannað upp á áfrýjandann, að hann við áður um getið tækifæri hafi haft í frammi líkamlegt ofbeldi við hinn stefnda, sem eigi að heimfærast nndir 202. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að yfirdómurinn álitur sekt þá, sem ákveðin er í bæjarþingsdómnum, hæfilega, ber að staðfesta hann og þá einnig að því snertir málskostnað í hjeradi. Málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum að endurgjalda hinum stefnda, og virðist hann hæfilega metinn 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Ólafur Þórðarson, greiði hinum stefnda, Thor Jensen, málskostnað fyrir yfirdómi með 12 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögnum.

Mánudaginn 24. ágústm.

Nr. 8/1885.

Daníel prófastur Halldórsson  
gegn  
Jónasi bónda Símonarsyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Suðurmúlasýslu 16. okt. f. á., var Daníel prófastur Halldórsson, sóknarprestur til Hólma í Reyðarfirði, dæmdur til að greiða Jónasi Símonarsyni á Svínaskála 40 kr. 68 a., en að öðru leyti sýknaður af kærum og kröfum nefnds Jónasar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Daníel prófastur Halldórsson skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 18. marz þ. á., og krafizt :

1. að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur,
2. að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir undirdómi með 40 kr.,
3. að hjeraðsdómarinn, sýslumaður J. Johnsen, og hinn stefndi, Jónas bóndi á Svínaskála, verði dæmdir til í sameiningu, eða þá Jónas bóndi